

### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Íslandsbleikja, Öxarfirði	Dags. eftirlits: 8-11-2017	Staðsetning stöðvar: Núpsmýri	Starfsleyfisflokkur:
Tengiliður: Arnar Freyr Jónsson Heiðís Smáradóttir	Netfang: <a href="mailto:afj@samherji.is">afj@samherji.is</a> <a href="mailto:heiddis@samherji.is">heiddis@samherji.is</a>	Sími: 465-2319	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 31. mars 2029	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit: Guðbjörg Stella, UST	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Þorkell

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			2016 – 829 tonn lax – 58.5 tonn bleikja 2017 – áætlun 1100 tonn lax, 100 t bleikja
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Eitt nýtt ker komið í notkun (sept). Þrjú í viðbót verða tekin í notkun á næstunni. Byrjað að taka 5 g seiði inn í seiðahús.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Skýrsla úr Farm Control. (Passa upp á að skila inn útreikningum með grænu bókhaldi)
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Komið
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til	x			Frá 2012, Bent á að uppfæra í tengslum við nýtt starfsleyfi.

staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	x			Samráðsfundur haldinn samhliða eftirliti, þann 8-11-2017.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Síðan 2005, bent á að uppfæra í tengslum við nýtt starfsleyfi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Umhverfismarkmið í gæðahandbók
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Fóðureftirlit í Farm control, eldismenn vakta fódurgjöf. Sjálfvirk stýring.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?	x			Niðurstöðum útreikninga frá 2016 framvísað..
Mælingar eða útreikningar?	x			Síðustu mælingar framkvæmdar 16.02.2017
Síðustu mælingar?	x			
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		x		Settjarnir hafa ekki verið hreinsaðar, sterk lykt af vatni í settjörn. Gróðurmyndun við rör í viðtaka og steypubrot / steypuleyfar hafa ekki verið fjarlægðar.  Útrás úr nýju kerjunum fer í gegnum tromlufilter sem er á hverju kerfi. Þaðan í mjóa lögn sem fer út í sjó.

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Settjörn
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			C.a. 50 m.
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	x			Nokkrir fuglar á flugi í kringum rör við viðtaka.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		x		Dauðfiskur fer í loðdýrafóður. Fer á hverjum degi, kvittunum framvísað í eftirliti. Slóg fer í próteinvinnslu í Borgarnesi. Vantar kvittanir vegna afhendingar spilliefna. Steypa í á og steypurestar úr steypubíl.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	x			

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	x			Útreikningum skilað í eftirliti
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?				2018 – rekstararðili tekur mælingar, greining fer fram hjá Sýni.
Er það skv. starfsleyfi?	x			
Hver sér um mælingarnar?				

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Eftirlit framkvæmt síðast 6. maí 2016

<b>Samantekt:</b>	
<b>Frávik</b>	Ástand frárennslis Frágangur steypuafganga á eldissvæði
<b>Athugasemdir</b>	
<b>Annað</b>	



UMHVERFISSTOFNUN

Undirskrift eftirlitsmanns: *Helga V. Sigginsdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslandsbleikja, Öxarfirði Núpsmýri og Sigtún, klakstöð



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	8.11.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Íslandsbleikja, Öxarfirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Helga V. Sigurjónsdóttir
<b>Heimili</b>	Núpsmýri	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	610406-1060	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Arnar Freyr Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Heiðís Smáradóttir	<b>Staðsetning</b>	609834,024 639750,616

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða að settjarnir eru orðnar fullar, að fituskilja virkar ekki nægjanlega vel og að steypubrot hafa ekki verið fjarlægð skv. athugasemd í eftirlitsskýrslu 2016. Ein athugasemd var gerð er varðar að heitt vatn rennur út í opin læk.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Starfsleyfi rekstraraðila er útrunnið en rekstraraðili hefur sótt um endurnýjun á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Hefur rekstraraðili undanþágu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til að vinna skv. útrunnu starfsleyfi til 1. júlí 2018 og er undanþágan bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum þeim sem koma fram í starfsleyfinu sem gefið var út 1. júlí 2015, sbr. starfsleyfi upphaflega frá 14. júní 2005.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

Gr. 2.6 í starfsleyfi

Dæla skal úr settjörnunum áður en safnrými er fyllt. Sjá má að settjarnir eru orðnar fullar og virkni þeirra því ekki til staðar. Erfitt er að finna stað fyrir úrganginn en unnið er að lausn málsins í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi.

Gr. 2.3 í starfsleyfi

Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn sé þannig að ekki sjáist fita eða froða. Við útrás frá fituskilju mátti sjá að fituskiljan virkar ekki sem skildi, fiturák var við útrás, bleikur litur við bakka árinna og sjá mátti fituflekkir renna niður ána.

Gr. 2.9 í starfsleyfi

Allur úrgangur skal fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Steypubrot sem sett voru við bakka Brunnár hafa ekki verið fjarlægð. Fjarlægja skal steypubrotin og koma þeim á viðurkendan urðunarstað.

## ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að heitt vatn rennur út frá stöðinni út í opin læk, bak við stöðina. Gæta þarf þess að kæla vatnið áður en það kemst út í umhverfið.

## ANNAÐ

Samráðsfundur var haldinn í tengslum við eftirlitið og boðaði rekstraraðili til fundarins.

Við bakka Brunnár mátti sjá nokkuð magn af steypuleyfum sem losaðar hafa verið úr steypubílum (skolun). Haft verður samband við verktaka á svæðinu viðkomandi aðila gert að hreinsa upp steypuafgangana. Öll úrgangslosun er

óheimil nema á viðurkenda urðunar- eða móttökustaði.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

27.12.2017

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir